

Sveitarstjórnarkosningar 2014

Stefnuskrá

VG í Borgarbyggð



Efnisyfirlit

Náttúruvernd, skipulagsmál og landbúnaðarmál	4
Náttúruvernd	4
Skipulagsmál	5
Samgöngur	5
Sorp og meðferð dýrahæja	6
Landbúnaður	7
Landnýting	7
Brunavarnir	8
Stjórnsýsla	9
Jafnréttismál	9
Lýðræði	9
Samstarf við önnur sveitarfélög	10
Fjármál sveitarfélagsins	10
Veitur í sveitarfélaginu	11
Fasteignir Borgarbyggðar	11
Eignarhluti sveitarfélagsins í fyrirtækjum	11
Atvinnumál	11
Markaðs- og kynningarmál	13
Fjölskyldumál	14
Fræðslumál	14
Leik- og grunnskólar	14
Tónlistarnám	15

Framhaldsskólar	16
Háskólar.....	16
Félagsleg þjónusta.....	16
Aldraðir.....	16
Læknisþjónusta.....	17
Fólk með fötlun	17
Atvinnuleysi.....	17
Íþróttá- og tómstundamál	17
Lýðheilsa.....	18
Forvarnir.....	18
Menningarmál	18

Náttúruvernd, skipulagsmál og landbúnaðarmál

Náttúruvernd

Í Borgarbyggð eru náttúruperlur sem laða til sín útivistarfólk og ferðamenn í ríkara mæli, enda státar sveitarfélagið af gróðurvinjum, hraunum, fossum, hellum, jöklum, votlendi, ám og veiðivötnum. Svæðið frá Okinu í Geitlandið, um Hallmundarhraun í Arnarvatnsheiði og Tvídægri er eitt stærsta ósnortna víðerni landsins.

VG styður hugmyndir heimamanna í uppsveitum Borgarfjarðar um stofnun SAGA jarðvangs og vill veg þess sem mestan.

VG vill skoða í samráði við landeigendur hvort ekki sé skynsamlegt að friðlýsa Hvítá og Grímsá, vegna umræðna um nýjar virkjanir í ánum. Markmiðið væri að vernda árnar gegn umhverfisröskun vegna uppistöðulóna. Tekjur íbúa héraðsins felast m.a. beint og óbeint af hlunnindum í nýtingu lax og silungs á þessu svæði.

VG vill leggja áherslu á að nýta stöðuvötn í héraðinu betur til sportveiði. Ferðamenn sækja í auknu mæli í veiðiskap í vötnum vegna aukins frítíma og velmegunar. Vötnin geta nýst til verðmætasköpunar fyrir landeigendur.

VG vill að við allar ákvarðanatökur skuli sjálfbær þróun höfð að leiðarljósi. Til þess þarf að gera umhverfisvænan lífstíl að auðveldum valkosti og efla umhverfisfræðslu.

Sveitarfélagið hefur metnaðarfull markmið sem koma fram í Staðardagskrá 21. VG leggur kapp á að ná þeim markmiðum. Forsenda þess að svo megi verða er að almenningur sé vel upplýstur og geri markmið staðardagskrár að sínum, hvort sem er í leik eða starfi.

VG vill að myrkurgæði verði sjálfsagður þáttur í náttúruvernd, fyrir menn til að geta notið næturhiminsins. Myrkurgæði skipta ferðaþjónustu fyrirtæki í Borgarbyggð miklu máli og eru norðurljósinn orðin fastur liður í ferðatilboðum að vetri.

VG leggur til að gerð verði úttekt á orkunotkun sveitarfélagsins og metið hvort hægt er að spara aðkeypta orku til lýsingar.

Skipulagmál

VG vill endurskoða aðalskipulag sveitarfélagsins á næsta kjörtímabili. Við gerð skipulags skal ávallt leitast við að taka tillit til sem flestra sjónarmiða og hagsmuna þannig að það nái sem best tilgangi sínum. Deiliskipulag þéttbýlisstaða er nytsamlegt tæki til að stýra þróun þeirra.

VG vill efla og styrkja Borgarnes sem höfuðstað héraðsins. Á fyrrihluta kjörtímabilsins verði gert nýtt deiliskipulag af nýja miðbæjarkjarna Borgarness, landsvæði sem afmarkast af lóðunum við Borgarbraut 55-74, Hyrnutorg og Hjálmakletti.

VG vill að Brákarey verði tómstunda og safnaeyja, þar sem sprotafyrirtækjum, áhugamannafélögum og litlum fyrirtækjum yrði gert kleift að starfa. Gera þarf átak í að hreinsa til í eyjunni og gera hana að aðlaðandi útivistarperlu.

Samgöngur

VG vill leggja mikla áherslu á að fjölga göngu- og reiðhjólástígum, gera skal framkvæmdaáætlun fyrir allt sveitarfélagið. Góðir stígar hvetja til vistvænna samgangna og eru um leið góð tenging á milli þéttbýlis- og ferðamannastaða í sveitarfélaginu. Mikilvægt er að halda áfram gerð göngu- og hjólástíga í Borgarnesi t.d frá Brákarbraut og meðfram strandlengju Borgarvogar. Leggja skal áherslu á að tengja fólkvanginn í Einkunnum og Hamarslandið norðan Borgarness við byggðina með góðum göngu- og hjólástígum.

VG vill leggja áherslu á að gerður verði göngu og hjólreiðastígur frá Digranesgötu yfir að Seleyri.

VG vill aðstoða hestamannafélögin Faxe og Skugga varðandi lagfæringu á reiðvegum í héraðinu, enda nýtast reiðleiðirnar ferðapjónustuaðilum til atvinnuuppbyggingar og íbúum til dæggradvalar.

VG telur brýnt að bæta umferðaröryggi í Borgarnesi vegna legu þjóðveg 1 í gegnum bæinn. Mikil umferð um veginn veldur slyshættu og heftir umferð gangandi og hjólandi fólks. Til að bæta úr þessu þarf að ráðast í gerð undirganga undir þjóðveg 1 við leikskólann Klettaborg.

VG telur mikilvægt að skoða fleiri kosti við endurskipulagningu stofnvegar í gegnum Borgarnes. Athuga þarf umhverfisáhrif vegna fyrirhugaðrar færslu Þjóðveggar 1 um Borgarfjörð s.s. hljóðvist í nágrenni hans við Sandvík og landslagsverndar tengda lagningu vegarins úti í firðinum.

VG telur það mikið öryggismál fyrir vegfarendur að girt verði veggirðing með Þjóðvegi 1 á Holtavörðuheidi og leggur mikla áherslu á að ríkið fari í þá framkvæmd.

Til að tryggja búsetu sem víðast í sveitarfélaginu er nauðsynlegt að bæta vegakerfið. VG leggur áherslu á að tengivegir á Mýrum og í uppsveitum Borgarfjarðar verði lagðir bundnu slitlagi. Í Samgönguáætlun ríkisins til 2018 er gert ráð fyrir að tengivegurinn inn Lundarreykjadal og yfir Uxahryggi verði með bundnu slitlagi. Með þeirri framkvæmd verða tryggðar betri samgöngur innan sveitar og við Þjóðgarðinn á Þingvöllum og jafnframt á milli Vestur- og Suðurlands.

VG vill leggja áherslu á lagfæringu á Kaldárdalsvegi sem ferðamannavegar með byggingu brúar á Helluvaði á Norðlingafljóti. Með því opnast vegtenging yfir Arnarvatnsheiði og yfir í Miðfjörð í Húnaþingi vestra.

VG vill stuðla að betra netsambandi í dreifbýli. Vinna þarf að því í samráði við Samband sveitarfélaga á Vesturlandi og Innanríkisráðuneytið.

VG vill að metin verði þörf og kostnaður við skólarútu fyrir nemendur Menntaskóla Borgarfjarðar sem búsettir eru í dreifbýli.

VG vill að ferðir tólmstundarútu sem í boði er fyrir uppsveitirnar verði einnig í boði fyrir börn sem búsett eru á Mýrum og í gamla Kolbeinsstaðahrepp.

VG vill beita sér fyrir því að nemendur úr sveitarfélaginu sem stunda nám á höfuðborgarsvæðinu geti nýtt sér afsláttarkjör námsmanna í strætisvagna.

Sorp og meðferð dýrahæja

VG vill að sveitarfélagið haldi áfram að leita leiða til að draga úr sorpmagni. Stefnit skal að því að koma upp þriggja íláta kerfi í þéttbýli. Þar sem bætt verður við söfnun á lífrænum úrgangi til moltugerðar. Í dreifbýli verði haldið áfram með tveggja íláta kerfi þar sem almennum úrgangi er safnað til urðunar til viðbótar við sorpflokkun.

Í samræmi við markmið landsáætlunar Umhverfisstofnunar þarf að safna dýrahraejum frá lögbýlum. VG vill skoða, í samvinnu við hagsmunaaðila, tvær leiðir við að safna saman dýrahraejum frá lögbýlum: Í fyrsta lagi að gámum verði komið fyrir á völdum stöðum í sveitarfélaginu. Í öðru lagi að söfnunarbíll fari reglulega um sveitirnar og taki hræ hjá þeim bændum sem óska eftir þeirri þjónustu.

Landbúnaður

Horfa þarf til framtíðar varðandi notkun lands, þar sem ræktað land mun verða eftirsóttara og verðmætara til framleiðslu matvæla og annarra afurða landsins. Tryggja þarf að landbúnaðarlandi sé haldið í notkun.

VG vill banna lausagöngu stórgripa í Borgarbyggð.

VG vill taka afréttarmál í sveitarfélaginu til endurskoðunnar, leita leiða til aukinnar samvinnu, samræmingar og endurskipulagningar á málaflokknum í heild sinni. Lögð verði áhersla á að afréttum verði lokað frá heimalöndum eftir því sem kostur er.

VG telur mikilvægt að eyða mink í Borgarbyggð, enda er dýrið mikill skaðvaldur í íslenskri náttúru. VG leggur til svæðisbundnar aðgerðir þar sem verja þarf hagsmuni eins og varp og klakstöðvar fiska. Eðlilegt er að hagsmunaaðilar taki þátt í kostnaði við verkefnið.

VG vill að haldið verður áfram að veiða tófu og kortleggja búsvæði þeirra í samstarfi við hagsmunaaðila og í samvinnu við veiðimenn og bændur. VG leggur til að lögð verði áhersla á grenjaleit og svæðisbundnar aðgerðir til þess að sporna við fjölgun tófu.

Landnýting

Stefnt skal að því að allir jarðaeigendur fái aðstöðu og aðstoð við að vinna landnýtingaráætlun fyrir sína jörð. Til að tryggja að vel sé farið með land og möguleikar þess nýttir á skynsamlegan hátt er nauðsynlegt að aðstoða landeigendur við gerð áætlana í landnýtingu .

VG vill að skipaður verði vinnuhópur sem vinnur að því að þéttbýliskjarnar sveitarfélagsins verði grænni og skjólbetri. Rannsóknir hafa sýnt að fólki líður betur þar sem skýlla er og er þetta því bæði umhverfis- og lýðheilsumál.

Brunavarnir

VG vill hvetja Vesturlandsskóga og Skógrækt ríkisins til þess að unnin verði eldvarnaráætlun fyrir skóga í Borgarbyggð. Unnið skal samkvæmt nýsamþykktri brunavarnaáætlun fyrir héraðið. Áfram skal unnið að því að bæta aðgengi að vatni á stöðum þar sem þörf er á.

Stjórnsýsla

Stjórnsýsla í sveitarfélaginu á að vera hagkvæm, markviss og aðgengileg öllum íbúum sveitarfélagsins. Skrifstofa sveitarfélagsins skal leitast við að þjóna öllum íbúum þess sem best.

Fyllsta hagræðis skal gæta í rekstri sveitarfélagsins og tryggja að kostnaður aukist ekki á komandi kjörtímabili. Leggja skal mikla áherslu á vandaða vinnu við gerð fjárhagsáætlana og leita stöðugt leiða til að fylgja þeim (sjá kafla um fjármál sveitarfélagsins).

VG vill auglýsa stöðu sveitastjóra að kosningum loknum.

VG í Borgarbyggð vill áfram láta reyna á það skipurit sem nýverið hefur verið tekið upp. Nauðsynlegt er, svo vinna nefnda sé sem skilvirkust, að gögn berist tímanlega til fundarmanna.

Jafnréttismál

Sveitarfélagið skal fylgja jafnréttisstefnu. VG hefur skýra jafnréttisstefnu og telur að jafnrétti á öllum sviðum ætti að vera sjálfsagt. Fylgjast verður grannt með að jafnrétti sé í raun innan stjórnsýslunnar og lagfæra jafnóðum það sem miður fer. Gera þarf úttekt á því hvort kynjajafnréttis sé gætt við mat á störfum til launa. VG í Borgarbyggð mun gæta kynjajafnvægis við skipan í nefndir líkt og á síðasta kjörtímabili og krefst þess að sveitarfélagið geri slíkt hið sama við breytingar í starfsmannahaldi og á launakjörum. VG telur mikilvægt að sveitarstjórn beiti sér fyrir jafnrétti á öllum sviðum í sveitarfélaginu.

Lýðræði

VG í Borgarbyggð telur mikilvægt að tryggja og auka íbúalýðræði í sveitarfélaginu. Í þeim tilgangi skal halda áfram samvinnu við grasrótarfélög, svo sem íbúasamtök, enda sé tryggt að þau séu lýðræðislegur vettvangur. Gera skal íbúum mögulegt að koma almennum fyrirspurnum til starfsmanna og sveitastjórnar Borgarbyggðar í gegnum samskiptamiðla og heimasíðu á auðveldan hátt. VG í Borgarbyggð vill einnig skoða það fyrirkomulag sem Reykjavíkurborg hefur komið sér upp við íbúakosningu og hvort það geti hentað okkar sveitarfélagi. VG vill auka áhrif ungmenna á samfélagið og halda áfram að boða ungmenni sveitafélagsins á fundi ungmennaráðs líkt og gert var

síðasta kjörtímabil. Halda skal tvo fundi á ári með ungmennaráði og ungmennunum leiðbeint um hvernig best er að haga undibúningi fyrir slíka fundi. Áfram verði unnið náið með eldri borgararáði að þeirra hagsmunamálum líkt og gert hefur verið.

Samstarf við önnur sveitarfélög

Vinstrihreyfingin grænt framboð telur mikilvægt að Borgarbyggð eigi víðtækt og gott samstarf við nágrannasveitarfélög, bæði á vettvangi SSV og um þau fjölmörgu samstarfsverkefni sem nú eru í gangi. Í lok síðasta kjörtímabils var komið á samstarfi við sveitarstjórn Húnaþings vestra. VG í Borgarbyggð vill halda því samstarfi áfram.

Fjármál sveitarfélagsins

VG í Borgarbyggð leggur áherslu á áframhaldandi ábyrga fjármálastjórnun, sem er lykillinn að hagsæld og uppbyggingu í sveitarfélaginu. Á síðasta kjörtímabili fjölgaði íbúum Borgarbyggðar um 50 manns og ætla má að þeim muni halda áfram að fjölga á næstu árum. Ný atvinnutækifæri í byggingariðnaði og ferðaþjónustu hafa skapast og á næstunni er útlit fyrir mikla uppbyggingu í ferðaþjónustu. Skapa þarf aðstæður til að fjölbreytt atvinnulíf nái að festa sig í sessi vítt og breitt um sveitafélagið.

VG telur mjög mikilvægt að áfram verði unnið í anda samráðsstjórnunar og gerðir rammasamningar við stofnanir Borgarbyggðar. Í samningunum verði stofnunum úthlutað fjármagni og verkefnum til eins árs í senn, í samræmi við fjárhagsáætlun og gerð grein fyrir fjármálalegri ábyrgð forstöðumanna þeirra. Fjármálastjóri skal fylgjast náið með útgjöldum allra stofnana og gæta þess að meðferð fjármuna sé í samræmi við fjárhagsáætlun. Umbuna skal þeim vinnustöðum eða sviðum eftir því sem við á sem halda sig innan fjárhagsramma í lok hvers rekstrarárs.

Gæði þjónustu ráða miklu um hvar einstaklingar, fyrirtæki og stofnanir setjast að. Við val á sparnaðaraðgerðum verður að hafa það að markmiði að sem minnst verði dregið úr grunnþjónustu. Spara má verulega í innkaupum með því að fylgja umhverfisvænni innkaupastefnu og nýta hluti til fulls. Sameiginleg innkaup stofnana sveitarfélagsins eru líkleg leið til að lækka verð og auðvelda yfirsýn yfir reksturinn. Með auknu samráði við alla starfsmenn skal stefnt að bættri kostnaðarvitund þeirra og hagkvæmni í rekstri. VG vill sjá grænar áherslur í orkunotkun allra stofnana Borgarbyggðar. Starfshópi verði falið að

skoða orkunotkun og orkunýtingu allra sviða og stofnana og leggja fram hugmyndir að bættri nýtingu, hagkvæmni og aukinni meðvitund um orkunotkun.

Veitur í sveitarfélaginu

Tryggja þarf að samningar þeir sem gerðir hafa verið við Orkuveitu Reykjavíkur um rekstur vatnsveitu, hitaveitu og fráveitu í hluta sveitarfélagsins tryggji þjónustu fyrirtækisins samkvæmt ásættanlegri gjaldskrá. Áfram verði boðið upp á hreinsun rotþróa í dreifbýli á eins hagkvæmum kjörum og unnt er.

Fasteignir Borgarbyggðar

Mikilvægt er að forgangsraða verkefnum er tengjast viðhaldi. VG vill stefna að því að fækka fasteignum í eigu sveitarfélagsins sem ekki eru í notkun eða nýtast illa .

Starfsmenn áhaldahúss skulu sinna tilfallandi og reglulegu viðhaldi á eignum og útisvæðum sveitarfélagsins samkvæmt viðhaldsáætlun sem unnin verði til eins árs í senn, auk tilfallandi verkefna. Ef um stærri verk er að ræða skal bjóða þau verk út. Mikilvægt er að skilgreina vel þá verkþætti og stærð verkefna sem falla skulu undir áhaldahús og hvaða verkþættir skuli alljafna teljast útboðsverk. Leitað skal leiða til að bæta nýtingu félagsheimila í sveitarfélaginu, hvort sem sú nýting skilar tekjum í formi peninga eða í bættum lífsgæðum íbúa sveitarfélagsins.

Eignarhluti sveitarfélagsins í fyrirtækjum

Almennt skal sveitarfélagið standa utan við rekstur fyrirtækja á samkeppnismarkaði. Þó skal ekki gerð breyting á eignarhlut sveitarfélagsins í Orkuveitu Reykjavíkur og Faxaflóahöfnum. Ávallt skal tryggt að sveitarfélagið geti sinnt lagaskyldum sínum við rekstur veitna í gegnum eignarhald eða með öðrum hætti.

Atvinnumál

Sveitarfélagið Borgarbyggð skal leitast við að búa íbúum sínum góða þjónustu á sem flestum sviðum sem sveitarfélögum er ætlað að sinna. Öflug grunnþjónusta, sterk stjórnslá og uppbygging á innviðum samfélagsins eru þeir þættir sem VG vill leggja áherslu á. Þannig telur VG að sveitarfélagið leggi sitt af mörkum til atvinnuuppbyggingar með almennum hætti.

Sveitarfélagið Borgarbyggð er stærsti vinnuveitandinn í sveitarfélaginu. Í því ljósi er mikilvægt að sveitarstjórn vinni stöðugt að endurskoðun starfsmannastefnu sinnar og leiti allra leiða til að bæta kjör starfsmanna sinna og skapa jákvætt andrúmsloft á vinnustöðum sveitarfélagsins.

VG vill að Borgarbyggð taki áfram þátt í samstarfi við Vinnumálastofnun og bjóði atvinnuleitendum þátttöku í atvinnuátaksverkefnum. Verkefnin skulu vera vinnuafslrek og skila ávinningi fyrir samfélagið, en vera ódýr í rekstri að verkefninu loknu, auk þess sem kostnaður við aðföng skal vera í lágmarki.

Leggja ber áherslu á vistvæna atvinnuuppbyggingu í sveitarfélaginu. Jafnframt skal sveitarfélagið beita sér fyrir því af öllu afli að hér sé komið á fót sem fjölbreyttastri starfssemi sem styrkir starf og rekstur háskólanna.

VG vill verja landbúnað í héraðinu og styðja við nýbreytni og efla aðra atvinnuvegi í dreifbýli. Landbúnaður skal rekinn á vistvænan hátt, nýting landbúnaðarlands verði bætt með nýjum búgreinum og skipulögð með landnýtingaráætlunum.

Borgarbyggð er rómuð fyrir náttúrufergurð. Hér eru margir vinsælir ferðamannastaðir og enn fleiri staði mætti kynna fyrir almenningi. Segja má að hér séu óþrjótandi möguleikar á uppbyggingu þjónustu fyrir ferðamenn. VG telur mikilvægt að sveitarfélagið leggi sitt af mörkum til að svo megi verða, með því að taka þátt í að byggja upp aðstöðu á vinsælum ferðamannastöðum. Leitað verður í sjóði á vegum ríkisins til uppbyggingar og verndunar á náttúru líkt og kemur fram í náttúruverndarkafla okkar

Gert verði átak í merkingu og kortlagningu gamalla göngu- og reiðleiða. Verkefnið verði unnið í nánú samstarfi við landeigendur og félagasamtök. Stefnt skal að, í samvinnu við ferðamálasamtök og hagsmunaðila, að gefa út göngu- og reiðleiðakort af gömlum þjóðleiðum um sveitarfélagið.

Markaðs- og kynningarmál

Starf upplýsinga- og þjónustufulltrúa verði gert markvissara og samstarf eftir við félög, fyrirtæki og stofnanir sem reiða sig á mikla og jákvæða kynningu sveitarfélagsins.

Heimasíða sveitarfélagsins á að vera öflugur upplýsingamiðill um málefni þess. Haldið verði áfram að bæta aðgengi að stjórnsýslunni í gegnum heimasíðuna.

Fjölskyldumál

Við í VG teljum það vera forgangsmatið að styðja við aldraða og barnafjölskyldur þar sem lýðheilsuþætti er haldið á lofti. Við viljum að menntastofnanir vinni eftir hugmyndafræði sjálfbærrar þróunar og að það verði jafnframt grunnstef í allri starfsemi sveitarfélagsins. Til þess að það megi verða þarf að vera jafnvægi á milli efnahags, samfélags og umhverfis.

Fræðslumál

Öllum má ljóst vera að góðir skólar eru grunnur framþróunar og góðs mannlífs. Samfélag sem horfir fram á veginn setur því skóla- og menntamál í forgang. Í Borgarbyggð hafa verið byggðir upp góðir skólar á öllum skólastigum. Nauðsynlegt er að standa vörð um starfsemi þeirra og skapa þeim svigrúm til frekari þróunar og aðstæður til að uppfylla skilyrði aðalnámsskrár. Skólafólki úr öllum skólum sveitarfélagsins þarf að gefast kostur á að miðla sín á milli þekkingu á hugmyndafræði og kennsluháttum. Með því að hlúa að skólunum vill VG tryggja það að öll börn öðlist góða menntun sem verði þeim haldgott veganesti til framtíðar.

Leik- og grunnskólar

Nauðsynlegt er að hver skóli búi yfir faglegu frelsi og geti nýtt sérstöðu sína, t.d. hvað varðar umhverfi, mannafla og menningu. Með því að skólarnir nýti nærumhverfi sitt til kennslu eflist þekking nemenda og tilfinning fyrir samfélagi sínu, sögu þess og náttúru. Grunnskólar í Borgarbyggð eru Grænánaskólar, VG vill einnig sjá alla leikskóla starfa samkvæmt hugmyndafræði umhverfisverndar. Stefna ber að því að nánasta umhverfi skólanna sé aðlaðandi og leiksvæði sem náttúrulegast. Aðstaða til hjólreiða á einnig að vera til staðar.

“Lengi býr að fyrstu gerð.” Starfið innan leikskólanna hefur áhrif á framtíð fjölda einstaklinga. VG í Borgarbyggð telur að leikskólar eigi að vera gjaldfrjálssir fyrir elsta árgang þannig að öll börn í sveitarfélaginu geti nýtt sér þjónustu þeirra. Sú framtíðarsýn verður þó aðeins að veruleika með aðkomu ríkisins eða með auknum tekjum sveitarfélaganna. Barnafjölskyldur þurfa að hafa örugga leikskólavist allan daginn þannig að möguleiki sé á að stunda fulla vinnu.

Á þeim svæðum þar sem dagforeldrar standa ekki til boða, kal leita leiða til að nýta ónotað húsnæði sveitarfélagsins til að koma til móts við foreldra 12-18 mánaða barna í sveitarfélaginu.

VG leggur til að stofnaður verði vinnuhópur til að finna varanlega lausn leikskólamála í Reykholtssdal og nágrenni með byggingu nýs leikskóla.

Stefna ber að því að grunnskóli, tónlistarskóli, frístundaskóli og íþróttastarf myndi eina heild. Leggja skal áherslu á að auka tengsl skólanna og samfélagsins. Æskilegt er að koma á samstarfi milli eldri borgara og barna í grunn- og leikskóla, þar sem ólíkar kynslóðir miðla hvor annarri af reynslu sinni. Í öllu skólastarfi þarf að taka tillit til sérstöðu hvers einstaklings. Til þess þarf að skapa svigrúm í skólastarfinu.

Hollar og næringarríkar máltíðir eru mikilvægur hlekkur árangursríks skólastarfs. Skólamaturlaust þarf að uppfylla þau skilyrði. Nauðsynlegt er að bjóða upp á staðgóðan morgunmat í skólunum. Nemendum verði búnað viðunandi aðstæður til að matast innan skólanna. Æskilegt er að nota hráefni úr héraði og huga að frekari hagræðingu með sameiginlegum innkaupum skólanna.

VG vill halda úti starfstöðvum grunnskóla í Borgarnesi, Hvanneyri, Kleppjárnsreykjum og á Varmalandi. Í samráði við foreldra skal skoða skólagöngu barna vestast í sveitarfélaginu. Skoða skal hvort einfalda megi þá vinnu skólastjórnenda sem ekki telst til faglegra þátta skólastarfsins. Skólastjórnun sveitarfélagsins fái t.d. aukna aðstoð sérfræðinga við fjármála- og mannauðsstjórnun.

Framar öllu skal leggja áherslu á það sem næst nemandanum stendur, hvort sem um er að ræða aðbúnað eða mannafla. Skoða skal möguleika á sameiginlegum innkaupum á námsgögnum sem börnum í 1.-5. bekk er gert að koma með í skólann. Þannig má ná fram hagræðingu í þágu foreldra.

Tónlistarnám

Aðgengi að tónlistarskóla með fjölbreytta námsmöguleika er eitt af því sem hefur mikil áhrif á hvar fólk velur sér að búa. Auk þess að veita börnum mikilvægt uppeldi, er fagfólk í tónlist mikilvægt fyrir öflugt tónlistarlíf í héraði. Tónlistarskóli Borgarfjarðar er góður skóli og hefur unnið hér ómetanlegt starf og því starfi þarf að hlúa að. Mikilvægt er að Tónlistarskóli Borgarfjarðar bjóði

áfram upp á tónlistarkennslu í grunnskólum dreifbýlisins. Stefna skal að því að tónlistarnám sé samþætt grunnskólanámi.

Framhaldsskólar

Menntaskóli Borgarfjarðar (MB) er góð viðbót við skólana í Borgarbyggð og treysta ber grunninn sem þar er byggt á. VG fagnar þeirri nýbreytni að tengja nám til stúdentsprófs við fagháskólana á svæðinu og hvetur til að skoðaðir verði fleiri kostir til að auka á fjölbreytt námsframboð og samvinnu skólastiga og atvinnulífs. Auðvelda verður nemendum úr dreifbýli að sækja MB. Leiðir til þess eru almenningsamgöngur um héraðið, skipulagður skólaakstur eða heimavist við skólann. Vinna skal að því að auðvelda nemendum úr efstu bekkjum grunnskóla að taka áfanga í MB. Áfram skal stefnt að aðild að Fjölbrautaskóla Vesturlands á Akranesi, enda fari þar m.a. fram kennsla í verknámsgreinum fyrir nemendur úr sveitarfélaginu.

Háskólar

VG lítur á háskólana sem eina af meginstoðum samfélagsins og leggur ríka áherslu á að um þá sé staðinn vörður og þeim búið vænlegt starfsumhverfi. VG leggur áherslu á að háskólarnir ásamt sveitarstjórn Borgarbyggðar marki skýra sýn um grunnþjónustu á háskólasvæðum til framtíðar. Góðir leik- og grunnskólar eru forsenda fyrir aðsókn í háskólana. Fjölbreyttir háskólar í landinu öllu eru forsenda þess að fleiri einstaklingar finni nám við hæfi.

Efla skal samstarf enn frekar milli ólíkra skólastiga í sveitarfélaginu. Þannig geta skólarnir miðlað þeirri sérþekkingu sem þeir búa yfir. Nauðsynlegt er að tengja háskólana atvinnulífinu í héraðinu, sem og umhverfinu öllu.

Félagsleg þjónusta

VG leggur áherslu á markvissa og öfluga félagsþjónustu í Borgarbyggð. Markmið félagsþjónustu er að tryggja félagslegt öryggi og að íbúar hafi vísan stuðning vegna framfærslu þegar önnur úrræði eru ekki fyrir hendi.

Aldraðir

Stuðla skal að því aldraðir geti búið sem lengst á sínum heimilum, m.a. með því að þeir eigi kost á öflugri heimilishjálp, dagdvöl og hvíldarinnlögn í Brákarhlíð. Einnig þarf að tryggja viðeigandi búsetukosti fyrir alla og að heimilishjálp sé löguð að þörfum hvers og eins. Í Borgarbyggð eru starfandi öflug félög eldri borgara. Búa þarf öldruðum í dreifbýli varanlegan samastað fyrir fjölbreytta

starfsemi s.s.vinnustofur fyrir handverk af ýmsum toga, námskeið og fundi. VG vill að aldraðir í Borgarbyggð fái frían aðgang að sundstöðum sveitarfélagsins. Skapa þarf vettvang þar sem samfélagið fær notið þekkingar og reynslu þeirra sem komnir eru á efri ár. Má þar nefna samvinnu grunn- og leikskóla við félög eldri borgara.

Læknisþjónusta

Nauðsynlegt er að berjast fyrir bættri læknisþjónustu í héraðinu. Halda skal áfram að gera kröfu til heilsugæslunnar um að heimahjúkrun sé veitt alla daga.

Fólk með fötlun

VG mun kappkosta að standa vörð um hagsmuni fatlaðra og búa þeim skilyrði til fullgildrar þátttöku í samfélaginu. Skapa þarf fötluðum tækifæri til atvinnuþátttöku á almennum vinnumarkaði.

Sveitarfélagið þarf að sjá til þess að fólk með skerta hreyfigetu eigi greiðan aðgang að húsnæði Borgarbyggðar. Jafnframt skal hafa að leiðarljósi að fatlaðir eigi möguleika á að fara um samgöngumannvirki í sveitarfélaginu. Tryggja þarf skammtí mavistun fyrir þá sem þess þurfa.

Húsnæðismál

Tryggja þarf aðstoð við þá sem standa höllum fæti á húsnæðismarkaði. Skortur er á litlum íbúðum til öruggrar leigu.

Atvinnuleysi

Mikilvægt er að fylgjast með þróun mála varðandi atvinnuleysi og auðvelda fólki að hefja störf á nýjan leik. Sérstaklega er nauðsynlegt að koma í veg fyrir að ungt fólk festist í lífsmynstri atvinnuleysis.

Íþrótt- og tómstundamál

VG vill að íþróttastarf sé öllum aðgengilegt enda er öflugt tómstundastarf afar mikilvægt í hverju samfélagi. Eigi börn ekki kost á að nýta sér tómstundaakstur hafa foreldrar möguleika á að fá styrk til aksturs. Í Borgarbyggð er íþróttastarf að mestu skipulagt af almenningi og mest öll vinna við það unnin í sjálfböðavinnu. Hlutverk sveitarfélagsins er að styðja þá starfsemi. Einkum er mikilvægt að sveitarfélagið styrki barna- og ungmennastarf og félagsstarf eldri borgara og fatlaðra. Mikilvægt er að gæta jafnræðis þegar stuðningur er ákveðinn t.d. varðandi akstur og viðhald íþróttamannvirkja. Æskilegast er að

tengja íþrótta- og tómstundastarf barna og unglunga við grunnskóla svæðisins, einkum í dreifbýlinu. Öflugt tómstundastarf ungmenna er góð forvörn gegn einelti, vímuefnaneyslu og annarri áhættuhegðun, einkum þegar öll fjölskyldan tekur þátt í starfinu. Þar er farsælast að virkja krafta íbúanna og vilja þeirra til að bæta eigin líf og sinna nánustu. Stefnt skal að því að gerð verði könnun meðal ungs fólks á aldrinum 16-18 ára á þörf fyrir tómstundaúrræði fyrir þann hóp og gerðar verði viðeigandi úrbætur.

Skapa þarf aðstöðu fyrir aukna hreyfingu við skólana s.s. hjólabretti, línuskauta, klifurveggi, aðgengi að náttúrulegum svæðum og fleira.

Nauðsynlegt er að hafa gæslufólk af báðum kynjum í búningsklefum íþróttahúsa á skólatíma.

Lýðheilsa

VG vill leita allra leiða til að efla heilsu allra íbúa og stuðla að heilbrigðu lífni. Má vísa þar í leiðbeiningar landlæknisembættisins. Heilsuefling, í víðum skilningi, miðar að því að hafa áhrif á að fólk lifi heilsusamlegu lífi við heilnæmar aðstæður. Leitast er við að skapa fólki félagslegar, menningarlegar og efnahagslegar aðstæður og umhverfi sem gera öllum einstaklingum samfélagsins kleift að auka hreysti og efla vitund og vilja til að viðhalda heilbrigði.

Forvarnir

Reynslan hefur sýnt að samvinna og stuðningur við foreldra er sú leið sem skilar mestum árangri í forvörnum varðandi áhættuhegðun barna og unglunga. Mikilvægt er að tryggja áframhaldandi starf forvarnarhópsins sem er samstarfsvettvangur stofnana í sveitarfélaginu.

Menningarmál

Lifandi menning styrkir og bætir hvert samfélag. Í sveitarfélaginu okkar hefur menningin blómstrað um aldir. Það er óhætt að segja að Borgarbyggð sé sveitarfélag matar og menningar. Hér er mikil þátttaka í öllu menningarstarfi áhugamanna og á síðari árum hefur atvinnumennska verið að aukast í menningarlífinu. Nauðsynlegt er að gera þann arf, ásamt sögu svæðisins, sýnilegan þannig að íbúarnir og gestir héraðsins fái notið enn betur. Hlutverk sveitarfélagsins er að styðja og styrkja íbúana til menningarstarfsemi í sinni fjölbreyttustu mynd. VG vill sinna þessu hlutverki svo sem nokkur kostur er.

Leggja á áherslu á að finna verkefni til að auka starfssemi í menningarhúsinu Hjálmakletti.

Vagga menningar og sögu allra Íslendinga er í Reykholti þar sem tugþúsundir ferðamanna koma ár hvert, þess vegna vill VG auka stuðning við Snorrastofu.